

EYSTRAHORN

40. tbl. 41. árgangur

23. nóvember 2023

www.eystrahorn.is



Heinaberg
Mynd: Hjördís Skírnisdóttir

ALÞJÓÐLEGUR MINNINGARDAGUR UM FÓRNARLÖMB UMFERÐARSLYSA



Prestar og viðbragðsaðilar komu saman í Hafnarkirkju á sunnudaginn en þá var alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa og var þess minnst í helgistund. Hér fyrir neðan má lesa hugvekju sem sr. Gunnar Stígur Reynisson flutti við helgistundina en búið er að staðfæra hana með því tilliti að allar tímasetningar séu réttar.

Hugvekja

Um helgina var alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa. Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað þriðja sunnudag í nóvember þessu viðfangsefni. Það hefur skapast hefð víða um land að koma saman og minnast. Viðbragðsaðilar standa fyrir táknrænum athöfnum víða um land þennan sunnudag og má sjá inn á heimasíðu Samgöngustofu auglýstar athafnir í Hnífsdal, Sauðárkróki Vestmannaeyjum og víðar.

En það sem þessi dagur stendur fyrir er viðkvæmur fyrir marga hér á landi, frá því að fyrsta banaslysið var skráð á Íslandi 25. ágúst 1915, hafa þann 1. nóvember síðastliðinn, samtals 1608 einstaklingur látist í umferðinni. Enn fleiri slasast alvarlega, og margir þurft að takast á við áföll, sorgir og eftirsjá af þessum völdum. Vart er því til sá einstaklingur sem þekkir ekki einhvern sem lent hefur í alvarlegu slysi í umferðinni eða lent í slysi

sjálfur. Það er því til mikils að vinna að koma í veg fyrir slysin og megi þessi dagur efla vitund okkar fyrir því og ábyrgð.

En svo geymir þessi dagur meira. Það gleymist stundum að þakka og hugsa til þeirra sem koma að slysum og þurfa á ögurstundu að hlúa að og bjarga fólki við oft mjög erfiðar aðstæður. Yfirleitt eru það vegfarendur

sem fyrstir koma að slysi og standa frammi fyrir því vandasama verkefni að reyna að bjarga mannlífum. En í kjölfarið koma viðbragðsaðilar sem líka þurfa að vinna við björgun oft við afar erfiðar aðstæður og á þessum minningardegi var einmitt ætlunin að vekja athygli á þessu fólki. Það var því gaman að sjá alla þá viðbragðsaðila sem komu í kirkjuna og mörg þeirra í klæðnaði þeirra sem þau starfa fyrir, sem var vel við hæfi.

En viðbragðsaðilar, hverjir eru viðbragðsaðilar? Hverjir eru viðbragðsaðilar hér í sýslunni? Hvaða fólk er þetta? Þetta fólk er að finna um allt sveitarfélagið eða eins og Jón Garðar Bjarnason hefur oft sagt við mig: Við Hornfirðingar berum marga hatta. Og það er rétt. Vegna smæðar okkar þá gegnum við mörgum hlutverkum. En er það slæmt? Er slæmt að búa á fámennum stað? Það er hægt að svara því játandi og neitandi. Einhverjum finnst eflaust fámennið þrjúgandi en í fjölmenni föllum við inn í fjöldann, getum leyft okkur að týnast. En í fámenninu þá er það mun erfiðara að fela sig en í fjölmenninu, okkur finnst allir vita allt um alla. En vegna smæðar okkar þá er erfiðara að falla þegar eitthvað kemur uppá því það er einhver sem grípur. Einhver sem við þekkjum, einhver sem við treystum. Þar sé ég styrk okkar. Styrkur okkar felst í smæðinni. Hattarnir okkar krossast og við þekkjum hvert annað.

Smíðurinn er sjúkraftutningamaður, lögreglan foreldri besta vinar barnsins okkar og björgunarsveitarmaðurinn er kokkur og svo mætti lengi telja.

Þetta sýnir okkur líka að viðbragðsaðilarnir eru manneskjur. Manneskjur sem eiga fjölskyldur, eiga sér áhugamál. Finnst gaman að hlæja og hafa gaman. Viðbragðsaðilar eru mannlegar ofurhetjur sem gráta líka og finna til. Það er líka mikilvægt að hugsa til þess. Viðbragðsaðilar þurfa líka skjól. Þeir þurfa líka að fá að hvíla í örygginu. Og hvar er skjól, hvað er öryggi viðbragðsaðila? Jú, segja má að skjólin séu misjöfn eins og við erum mörg. Skjólið er nauðsynlegt því án þess slær hvirfilbylurinn okkur niður og það verður uppgjöf. En allajafna er öryggið mest hjá þeim sem standa okkur næst. Já öryggið er hjá þeim sem standa okkur næst. Fjölskylda – vinir, já þau sem eru okkur næst. Sumir leita einnig í trúna og það segi ég, presturinn og segjandi þessi orð í kirkju. En svo finna allir sína leið.

En um leið þurfum við að reyna að vera vakandi yfir þeim sem standa okkur við hlið. Ég sagði áðan um að við séum gripin þegar við föllum en þá þarf einhver að vera tilbúin að grípa. Það er þakkarvert að það er einhver til að grípa og ég minnst einnig á það hér að ofan að það vill stundum gleymast að þakka. Það gerðum við meðal annars í Hafnarkirkju um helgina. Við klöppuðum hvort öðru á bakið með nærveru okkar og samfélagi. Gott samfélag hjálpar, gott samfélag nærir. Við erum gott samfélag það segi ég með sanni. Við eigum ótrúlega gott fólk í öllum okkar viðbragðsaðilum og það er gott að þakka fyrir það. Þótt við, viðbragðsaðilar, höfum komið saman um helgina, megum við þurfa að koma saman sem minnst því þó tt það sé skrítið að segja það þá viljum við hafa sem minnst að gera, þurfa að hittast sem sjaldnast ekki nema bara til að brosa saman og gleðjast.

Já gleðjumst þegar við höfum tækifæri til. Þess bið ég í Jesú nafni. Amen.

Sr. Gunnar Stígur Reynisson

LANDMÓTUN JÖKLA VIÐ HEINABERG



Það hefur lengi verið lögd áhersla á ýmis konar náttúruskoðun í FAS. Eitt af því sem hefur verið gert lengi er að fylgjast með og mæla framskið eða hop jökla og hefur ýmist verið farið að Fláajökli eða Heinabergsjökli. Í allmörg ár var fjarlægð mæld frá ákveðnum punktum á landi að jökuljaðrinum og kröfðust þær ferðir vandaðra vinnubragða við mælingar og svo þurfti að notast við aðferðir stærðfræðinnar til að reikna út fjarlægðir. Það voru tveir mælipunktar á jökulruðningunum fyrir framan Heinabergsjökul sem var stuðst við.

Við höfum öll tekið eftir miklum og öðrum breytingum á náttúrunni undanfarin ár sem má að stórum hluta rekja til loftslagsbreytinga. Árið 2017 höfðu orðið svo miklar breytingar á Heinabergslóni að ekki var lengur hægt að styðjast við nyrðri mælipunktinn. Þar sem áður lá jökull mátti sjá jaka fljótandi í lóninu. En áfram héldu mælingarnar við syðri mælipunktinn en þar hafði jökullinn virst fremur stöðugur.

Það var svo árið 2020 sem Náttúrustofa Suðausturlands fékk styrk frá Loftslagsjóði til þess að fljúga yfir jökla landsins og taka myndir af þeim, í því skyni að nýta til ýmissa rannsókna. Það var Snævarr Guðmundsson sem þekkir hvað best til jöklanna hér um slóðir sem fékk það hlutverk að taka myndirnar. Þá kom í ljós að syðri hluti Heinabergsjökuls var ekki lengur virkur hluti skriðjökulsins heldur í raun risavaxinn ísjaki sem bíður örlaga sinna. Við höfum samt fylgst nokkuð með stöðu þessa mikla ísjaka síðustu ár.

Þessar miklu breytingar á umhverfinu hafa kallað á breytingar á ferðinni með nemendum FAS. Nú tölum við ekki lengur um jöklamælingaferð

heldur skoðunarferð þar sem sjónum er sérstaklega beint að landmótun jökla og hvernig megi „lesa“ í landið og sjá ummerki um hvar jökullinn hefur verið. Og þar er af nógu að taka. Ferðin í síðustu viku hófst við brúna yfir Heinabergsvötn. Það eru alltaf nokkrir í hópnum sem hafa ekki farið á þetta svæði og vita því ekki af þessari brú eða að þarna hafi þjóðvegurinn legið eitt sinn. Frá brúnni er síðan gengið inn að lóninu fyrir framan Heinabergsjökul.

Á leiðinni er staldrað alloft við og lesið í landið. Í ferðinni vorum við t.d. að skoða árfarvegi, jökulruðninga, jökulkembu, landmótun jökla uppi í fjöllum, gróðurframvindu, veðrun og mismunandi grjót og hversu vel eða illa það veðrast. Frá lóninu lá síðan leiðin fram hjá gömlu mælingarpunktunum og á bílplanið fyrir framan Heinabergslónið þar sem rútan beið eftir okkur. Ferðin gekk ljómandi vel og gera má ráð fyrir að allir hafi komið heim reynslunni ríkari. Eftir ferðina skrifa nemendur svo samantekt þar sem þeir þurfa m.a. að lýsa því með eigin orðum hvernig jökullinn mótar landið.

Hjördís Skírnisdóttir



FERÐAMÁLAFÉLAG
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Félagssfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK)

FASK boðar til opins fundar um málefni Jökulsárlóns þar sem farið verður yfir drög að rekstraráætlun rekstrarform, áform um stofnun félagsins o.fl. þætti fimmtudaginn 30 Nóvember n.k kl. 19:30 í Golfskálanum á Höfn.

Að kynningu lokinni verður orðið gefið laust og fundarmenn hvattir til að spyrja spurninga og/eða leggja fram tillögur fyrir fundinn. Fundurinn er opinn öllum íbúum á félagssvæði FASK.

F.h stjórnar FASK

Haukur Ingi Einarsson

Viltu þú taka við umsjón Eystrahorns?

Eystrahorn óskar eftir nýjum umsjónaraðila frá áramótum

Áhugasamir hafi samband í síma 6628281 eða sendið póst á netfangið eystrahorn@eystrahorn.is



Kiwanisklúbburinn Ós og Sveitarfélagið Hornafjörður

óska eftir félögum, samtökum og eða einstaklingum til að taka þátt í Jólaborpinu hér á Höfn í desember. Jólaborpið opnar 8. desember með sölubásnum og jólatréssölu.

Jólaborpið verður staðsett á torginu hjá ráðhúsi og Nýheimum.

Allar upplýsingar veitir Kristjón Elvar Elvarsson forseti Óss í síma 784 1407 og á netfanginu os@kiwanis.is



ÞORVALDUR ÞUSAR

Í tengslum við þéttingu byggðar og næsta byggingarsvæði er mikilvægt að taka frá svæði fyrir íbúdir fyrir aldráða. Það svæði verður að vera með greiða tengingu við Ekru og Heilsugæslustöðina. Félagsmiðstöð eldri borgara er í Ekru og íbúarnir þurfa á ýmisskonar þjónustu að halda frá heilsugæslu- og félagsþjónustunni. Mér sýnist að þar séu einkum tvö svæði. Annarsvegar svæðið fyrir

innan Ekru eða „Hóteltúnið.“ Þessi svæði eiga það sameiginlegt að vera í göngufæri frá Ekru og Heilsugæslunni. Mér er ljóst að um þetta eru íbúar ekki sammála og því er mikilvægt að hefja þessa umræðu t.d. með því að stofna umræðuhóp íbúa um hvar sé heppilegast að gera ráð fyrir íbúðum fyrir eldri borgara. Ef mannfjöldapróun er skoðuð er ljóst að á næstu fjórum til fimm árum fjölgar eldri borgurum ekki mjög hratt en eftir það rís kúrfan mjög hratt. Eins og fram er komið er líka mikilvægt að tekin verði heilstæð umræða um þéttingu byggðar. Næsta byggingarsvæði er fyrirhugað inn undir gömlu mjólkurstöðinni.

Var það eina svæðið sem kom til greina? Fór fram opin umræða um þessa ákvörðun með þátttöku íbúa?

SKIPULAGSMÁL HLUTI 3

Okkur er sagt að svæðið verði tilbúið í byrjun næsta árs. Vonandi standast þær áætlanir, en ég er því miður ekki bjartsýnn á að það standist. En sú vinna er í gangi, en því miður sýnist mér og reyndar fleirum að þessi vinna gangi afar hægt. Bætt er við mannskap í þessa skipulagsvinnu en það virðist ekki breyta miklu!

Nú læt ég staðar numið um skipulagsmál, þótt margt sé enn ósagt. Vona að þessir pistlar veki upp spurningar og umræðu. Jákvæð, opin gagnrýnin umræða er mikilvæg. Íbúar eiga rétt á að vera þátttakendur í þessum málum. Þetta eru lokaorð þusarans um skipulagsmál að sinni.

Með skipulags kveðju
Þorvaldur þusari

„ÞEKKTU RAUÐU LJÓSIN - SOROPTIMISTAR HAFNA OFBELDI“ READ THE SIGNS – SOROPTIMISTS SAY NO TO VIOLENCE



Eitt af markmiðum Soroptimistahreyfingarinnar er að bæta stöðu kvenna og stúlkna í heiminum. Mikilvæg stoð í því starfi er að vekja athygli á og stuðla að upprætingu á ofbeldi í nánnum samböndum. Sextán daga tímabilið 25. nóvember til 10. desember ár hvert er helgað málstaðnum að áeggjan Sameinuðu þjóðanna. Er það gert undir slagorðinu Roðagyllum heiminn (Orange the World). Táknlitur átaksins er appelsínugulur, en liturinn táknar að eftir svartnætti ofbeldis rís sólin upp að nýju; það er von! Það mun því víða um heim vera hægt að sjá roðagyllta fána, hús, tanka og torg í tilefni þessa mikilvæga málefnis og ljósagöngur farnar í bæjum og borgum. Soroptimistar, ásamt fleiri frjálsum félagasamtökum, beina athyglinni sérstaklega að forvörnum; að benda á hvernig koma má í veg fyrir eða stöðva ofbeldi í nánnum samböndum. Það er gert með því að kynna sem víðast hvað telst ofbeldi og á veggspjöldum sem dreift verður. Við þurfum öll að þekkja rauðu aðvörunarljósinn, til að geta

brugðist við í tíma eða ef það hefur ekki lánast, að þekkja hvert við getum sótt okkur aðstoð.

Oft er erfitt að átta sig á því að um ofbeldi sé að ræða í nánnum samböndum, en það getur átt sér stað óháð kyni, aldri og kynhneigð. Samkvæmt rannsóknum hafa 15% til 20% íslenskra kvenna og 5% til 10% íslenskra karla verið beitt ofbeldi af maka sínum eða þeim sem þau voru í ástarsambandi við og líklega búa um 2% íslenskra kvenna við ofbeldi hverju sinni. Ofbeldið má flokka í sex flokka: Andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og eltihrællir. Sjá nánar á www.112.is.

English
Abuse in close relationships is a form of violence when someone intentionally harms you, or does or says things frequently to make you upset. In Iceland, abuse is prohibited.
Main forms of gender-based abuse are Emotional abuse; Physical abuse; Sexual abuse; Financial Abuse; Digital abuse and Stalkers. www.112.is

Polish
Przemoc jest wtedy, gdy ktoś robi coś, co Cię rani lub sprawia, że czujesz się źle. Przemocą w bliskim otoczeniu nazywamy, kiedy sprawca jest związany z Tobą lub spokrewniony, na przykład twój małżonek, były partner, członek rodziny lub opiekun. Przemoc jest różnorodna. Przykłady: Przemoc psychiczna; Przemoc fizyczna; Przemoc seksualna; Przemoc finansowa; cyberprzemoc; Zaniechanie. www.112.is

Soroptimistar hvetja alla til að kynna sér málefnið og leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja og stöðva ofbeldi.

Soroptimistaklúbbur Austurlands vekur athygli á áttakinu með því að dreifa upplýsingum, flagga fána með orðunum Roðagyllum heiminn - höfnum ofbeldi og fleiru í þeim dúr. Við hvetjum stofnanir og fyrirtæki til að vekja athygli á málstaðnum með því að roðagylla byggingar og íbúa til að halda vöku sinni og fjölmenna í Ljósagönguna, sem klúbburinn efnir til á Seyðisfirði laugardaginn 25. nóvember. Gangan hefst kl.17:00 við Seyðisfjarðarkirkju og gengið verður yfir í félagsheimilið Herðubreið, þar sem flutt verða stutt erindi og kaffi verður á könnunni. Fólk er hvatt til að mæta í appelsínugulum fötum og með ljós.

SOROPTIMISTAR SEGJA NEI VIÐ OFBELDI!

*Fh. Soroptimistaklúbbs Austurlands
Sigríður Kr. Gísladóttir*



BLACK FRIDAY
Föstudaginn 24. nóvember verða
Black friday - svartir dagar
Þjóðum upp á 20% afslátt af völdum vörum
Verið velkomin

Opnunartími frá mánu-föstud. frá kl 13:00-18:00
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRAM AÐ JÓLUM FRÁ
KL. 13:00-15:00



Símar:
478-2535 / 898-3664

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Pottþéttur pottréttur fyrir 6 manns eftir Styrgerði Hönnu Jóhannsdóttur

Þetta er minn uppáhalds pottréttur, gamall og góður og finnst í skammdeginu. Þetta er líka það fyrsta sem ég eldaði handa Gunna hérna um árið og honum líkaði maturinn greinilega vel því ég er ennþá að elda fyrir hann þrjátíu og eitthvað árum síðar. Ég tilnefni gourmethjónin Ásgerði og Jónas



Hráefni fyrir 4-6 :

800 gr kjöt (naut, svín, lamb, allt gott, nota bara það sem ég á í kistunni hverju sinni)

½ - 1 ltr. rjómi/matvinnslurjómi (bara spurning hvað maður vill hafa mikla sósu)

4 – 5 msk tómaturpurre

5 – 6 msk mango chutney

3 laukar

1 paprika

250 gr sveppir

½ - 1 rauður chili pipar

ananas í dós

ca 4 tsk karrý

salt og pipar

Aðferð:

Skera kjötið í passlega bita, brúna það í potti og salta smávegis. Setja rjómann, tómaturpurre og mango chutney í pottinn og láta malla á mjög vægum hita í ca 20 mín.

Skera niður lauk, papriku, sveppi og chili pipar og léttsteikja á pönnu, setja síðan í pottinn ásamt safanum af ananasnum, brytja ananasinn og skella honum út í líka. Látið þetta malla aðeins lengur, smakkið til með salti, pipar og karrýi. Svo skemmir ekki að setja örlitla sherryskvettu í lokin.

Þykkið sósuna og berið fram með hrísgrjónum, hvítlauksbrauði og fersku salati.

Verði ykkur að góðu.
Styrgerður

SPURNING VIKUNNAR

Ef þú þyrftir að fá þér húðflúr, hvað myndir þú fá þér?



Anna Kristín Hauksdóttir
Talnaband á ökklaun



Barði Barðason
Cookie monster



Kolbrún Reynisdóttir
Friðardúfuna



Inga Sóley Pálsdóttir
Eitthvað hestatengt



ORÐALEIT

VIÐBRAGÐSADILAR

HÚÐFLÚR

HEINABERG

SJÁLFLÝSANDI

HEFTARI

UPPLÝSINGATÆKNIMIÐLUN

SLÖKKVILÐSSTJÓRI

HLAÐA

HRAÐBRAUT

KÚABÓNÐI

Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss
sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



Ferðafélag Austur- Skaftfellinga



Laugardaginn 25. nóvember verður gengið um Bergárdalsheiði og farið upp í c.a. 500-600 m. hæð. Fara þarf yfir Bergá til að komast frá vegi og að gönguleiðinni, áin er oftast mjög vatnslítill.

Erfiðleikastuðull göngunnar er tveir skór – ath. að ef snjóað hefur í fjöll er gott að hafa léttu brodda með í för. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, ef hundar eru með í för eru þeir á ábyrgð eiganda og taumur skal vera meðferðis.

Hulda L. Hauksdóttir leiðir gönguna

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu á Höfn kl. 10:00, einnig er hægt að mæta við Bergá rétt fyrir ofan aðveitustöðina á Hólum um kl. 10:15.

Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við spána, einnig að muna eftir nestinu.

Þátttökugjald í göngur ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir pör og frítt er fyrir 18 ára og yngri.

Lifandi vafi
Lifandi tilga með lífandi heilbrigði

Dagskrá vinnunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænaustundir
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÖKKUM ÉI AÐ EÐI ÉG

Jesús segir:
Ef nokkur þyrstur þá krossi hann
til mín og drekki.
Hva þyrsti Jesús sem trúir á mig
munu renna
vegir lífandi tilga

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA

Fimmtudaginn 7. desember verður félagið með samveru með jólalegu ívafi á Heppu Restaurant

Við hittumst þar kl. 16:30 og Elvar tekur á móti okkur og sýnir okkur allar breytingarnar á gamla vinnustað okkar margra „í denn“.

Við förum í Bruggverksmiðjuna og tékkum á hvernig þetta smakkast hjá þeim.

Síðan er matur „hlaðborð“ með þrjár tegundir forréttu, tvær gerðir aðalréttu ásamt meðlæti ýmisskonar og svo desert í lokin. Barinn verður opinn.

Miðaverðið verður kr. 4.000- á mann

Það þarf að skrá þátttöku fyrir 1. desember (best sem fyrst)

Ari Jónsson gsm 8947065

Garðar Óskars gsm 8954561

Magnús Friðfinns gsm 8916966

Einnig hægt að skrá sig á fésbókinni okkar.

Höfum gaman saman og njótum samveru



Við leitum að fólki í eftirtalin störf frá 1. janúar 2024

Kennari í vélstjórn

Starfshlutfall: 50-70%

Hæfnikröfur: Fagmenntun og kennsluréttindi í framhaldsskóla (æskileg), góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Helstu verkefni og ábyrgð: Kennsla og skipulag náms.

Launakjör samkvæmt stofnanasamningi við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um störf veitir skólameistari

Lind Völundardóttir - lind@fas.is

Nýheimum | 780 Höfn | Sími 470 8070 | www.fas.is



Austurbraut 20 Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126